

# HÁTT OG SKÝRT Í HAFNARHÚSI

Póra Johansen er framkvæmdastjóri Bifrons-stofnunarinnar í Hollandi, sem á heiðurinn að tveimur af þremur myndbandaverkefnum sem sýnd eru í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, um þessar mundir. INGA MARÍA LEIFSDÓTTIR fékk Þóru til þess að útskýra verkefnið og tilurð þeirra er hún var stödd hér á landi í tilefni opunarinnar.



Morgunblaðið/Kristinn  
Póra Johansen er framkvæmdastjóri Bifrons-stofnunarinnar, sem stendur fyrir myndbandadagskrá í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, um þessar mundir.

ÞÓRA Johansen er ein þeirra Íslendinga sem hafa verið búsettir utan landsins meirihluta lífs síns. Hún hefur búið í Amsterdam í Hollandi í 30 ár, er gift hollenskum manni og á með honum börn, sem hún vonar að fái íslenskan ríkisborgararétt í sumar, auk hins hollenska. Hingað er hún komin til lands með tvö viðamikil myndbandaverkefni, eða DVD-verkefni öllu heldur, sem sýnd eru um þessar mundir í Listasafni Reykjavíkur. Loud & clear, eða Hátt og skýrt, er heiti fyrra verkefnisins, sem þar var hleypt af stokkunum síðastliðinn miðvikudag. Um er að ræða níu hópa þrenns konar listamanna – myndlistarmanns, tónskálds og auglýsingahönnuðar eða -stofu – sem saman hafa unnið að gerð myndbands- eða DVD-verka. Verkin níu verða sýnd í Hafnarhúsinu til 24. febrúar.

## Próaðist útfra sembalgeisladisk

Þóra er framkvæmdastjóri Bifrons-stofnunarinnar, sem á heiðurinn að Loud & clear, auk annars myndbandsverkefnis er nefnist Flash og verður einnig sýnt í Hafnarhúsinu á næstunni. Hún er eflaust kunnug fleiri Íslendingum fyrir hljóðfærleik, en hún starfar sem sembalgeislari og kennari, og hefur margoft komið fram hérlandis með íslensku tónlistarfólki. Hvernig skyldi hún hafa dregist inn í heim myndbanda og listasafna? „Það byrjaði þannig að ég ætlaði að gera geisladisk með sólósembalverkum. Ég fæst næstum eingöngu við nútímatónlist og það af þessu tilefni sex tónskáld að skrifa fyrir mig tónverk til nota á disknum. Þegar á hólminn var komið fannst mér vinnan

einfaldlega leiðinleg og langaði að fá fleira fólk inn í verkefnið með mér. Fyrir utan það, að hver er að bíða eftir enn einum sólósembalgeisladisknum?“ segir Þóra og hlær. „Þá próaðist þetta yfir í samspil, við vorum fjórir eða fimm hljóðfærleikarar sem kölluðum okkur Bifrons ensemble.“ Þetta var árið 1997 og DVD-tæknin var að ryðja sér til rúms. Þóra hefur lifað og hrærst í heimi myndlistarinnar um langt skeið, en maðurinn hennar hefur rek- ið gallerí í Amsterdam síðastliðin 20 ár. „Ég ákvað því að splæsa áhuga minn á þessu tvennu, tónlist og myndlist, saman í þessum nýja miðli, DVD. Eftir að hugmyndin var vöknud, var mjög einfalt að finna fólk til að taka þátt í þessu með mér. Ég hafði samband við mín uppáhalds tónskáld og uppáhalds myndlistarmenn sem sýndu því mikinn áhuga að starfa með mér í slíku verkefni.“

Það sem Þóra lýsir hér er Flash-verkefnið, sem sýnt verður dagana 4.–9. mars í Hafnarhúsinu. Þar er um að ræða fyrsta DVD-verkefnið sem Bifrons stóð að, gert af tónlistar- og myndlistarmönnum, og var frumsýnt árið 1999. „Það sem sýnt er um þessar mundir í Hafnarhúsinu, Loud & clear, varð til beint útfra vinnunni í kring um Flash. Á þeim tíma voru myndlistarmenn uppteknir af því að komast útúr hinu verndaða umhverfi safna og gallería og auglýsingahönnuðir voru að sama skapi að ryðja sér til rúms á þeim vettvangi. Ég fór því að velta fyrir mér hvar mörkin milli auglýsingahönnunar og myndlistar lægi, komst að því að þau væru nokkuð óljós og þannig komu auglýsingahönnuðirnir inn í myndina með Loud & clear,“ segir Þóra. „Ég kom mér í samband við marga þekktu auglýsingahönnuð, meðal annars hér á Íslandi, og það þá að gera „non-commercial commercial“ fyrir þetta verkefni. Þeim fannst það mjög spennandi og flestir slógu til.“

## Tónlistin drifkrafturinn

Hvert af hinum níu DVD í Loud & clear inniheldur tvö myndskreið og eitt tónverk. Myndskreiðin eru ýmist sýnd um leið, eða hvert á eftir öðru. „Mér finnst afskaplega áhugavert að sjá hvernig myndlistarmennirnir nálgast verkefnið á annan hátt en auglýsingahönnuðirnir. Hjá auglýsingahönnuðunum er alltaf einhver vísbending í endann, t.d. „have a nice day“, sem segir þér hvað það er sem þú átt að skilja úr myndskreiðinu. Hjá myndlistarmönnum er hins vegar eins og það hafi hvorki byrjun né endi,“ segir Þóra. Tónlistin sem hljómar undir myndböndunum er afar fjölbreytt. Þarna gefur að heyrta allt frá tásókóm ballettdansara til svissneskrar popptónlistar, og eiga tvö íslensk tónskáld þar verk, þeir Guðni Franzson og Haukur Tómasson. „Tónlistin er í raun drifkrafturinn á bakvið allt Loud & clear-verkefnið, og í mun ríkari mæli en í Flash. Í mörgum verkanna var það tónlistin sem var það, sem myndlistarmaðurinn og auglýsingahönnuðurinn byggðu sín verk á.“

Að sögn Þóru var Loud & clear upphaflega hugsað til sýninga utandyra, og var það sýnt á þann hátt er það var frumsýnt í nóvember á síðasta ári, í Baltic Centre for Contemporary Art í Gateshead í Bretlandi. Verkefnið er einnig til sýnis í SM Bureau í Amsterdam um þessar mundir, en til stendur að sýna það í Svíþjóð, Kína og Frakklandi í ár og næsta ár. „Bifrons er svo komið með þriðja verkefnið í vinnslu,

sem ber heitið Cocoon. Það mun byggjast á samstarfi tónlistarmanna, myndlistarmanna og arkitekta.“

Þóra segir markmiðið með þeim verkefnum sem Bifrons fæst við vera að kynna ólíkar listgreinar, eins og myndlist, tónlist, auglýsingahönnun og arkitektúr en jafnframt benda á hversu vel þær geti staðið saman og þegið mik- ið hvert af öðru. „Ég held samt að tónlistin sé það sem tengi þetta allt saman. Það hafa allir gaman af tónlist!“ segir hún. „En mér hefur fundist áhugavert að sjá hve bæði tónskáld og myndlistarmenn hafa gífurlegan áhuga á hinni listgreininni. Og hvað hvor um sig hafði mikinn áhuga á að kynna sér heim hins listamannsins, þegar búið var að velja hópana í verkefnum saman.“ Þóra bendir jafnframt á að gagnrýndum hafi þótt erfitt að skilgreina verkefnið. „En ég finn fyrir miklum almennum áhuga á verkefniinu, sérstaklega í Amsterdam, sem er auðvitað heimahöfn Bifrons. Einnig hér, sem er náttúrulega mín heimahöfn.“

Þóra segist aldrei hafa verið í vafa um að hún myndi leita til Listasafns Reykjavíkur um uppsetningu á myndbandsverkefnum Bifrons. „Mér finnst þetta alveg frábært safn og er mjög hrifin af því hvernig Eiríkur Þorláksson stýrir því. Ég er mjög sammála því sjónarmiði hans að safnið ákveði sínar eigin sýningar en leigi ekki húsakynninn. Myndlistarmenn þyrftu að reka sinn eigin „Listamannaskála“ eins og þeir gerðu hér á árum áður. Ég vona að safni- nu takist að halda sínum prófil með því metn- aðarfulla starfsfólki sem þar er,“ segir Þóra að lokum.

ingamaria@mbl.is

# Stuttir en góðir tónleikar

## TÓNLIST

Listasafn Íslands

KAMMERTÓNLEIKAR

**Epos-kvartettinn flutti verk eftir Shostakovítsj, Hauk Tómasson og Þórð Magnússon. Þriðjudagurinn 18. febrúar 2003.**

Á UPPHAFLEGRI efnisskrá tónleika Myrkra músíkdaga í Listasafni Íslands sl. þriðjudagskvöld voru verk eftir Svein Lúðvíksson, sem tónskáldinu tókst ekki að ljúka við, fyrir þessa tónleika og strengjakvartett eftir Jón Nordal, sem hann nefnir Frá draumi til draums saminn veturinn 1996–7, er ekki vannst tími til að fulllæfa til flutnings á tónleikunum. Eftir voru þá aðeins tvö verk af ráðgerðum viðfangsefnum, sex þátta strengjakvartett eftir Hauk Tómasson, er hann nefnir Langur skuggi, og strengjakvartett nr. 2 eftir Þórð Magnússon.

Til uppfyllingar var gömlum kunningja skipað sem upphafsatriði tónleikanna, nefnilega Adagio og Allegro eftir Shostakovítsj, sem er umritun á þáttum úr tveimur leiksviðsverkum. Adagio-þátturinn er fallegur og Allegro-þátturinn gamansamur polki og voru báðir þættirnir vel fluttir, sá fyrri með mikl-



Morgunblaðið/Ásdís

Þessi samleikshópur hefur tekið sér stöðu sem afburðagóður strengjakvartett. Epos: Guðmundur Kristmundsson, Gréta Guðnadóttir, Auður Hafsteinsdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir.

um tilfinningaþunga og sá síðari með gáska og leikgleði.

Kvartettinn Langur skuggi eftir Hauk

Tómasson er „saumaður upp úr gömlu“, þ.e. endurritun á eldra verki. Tónleikur er litríkt en mjög þræstefjað og því er hin tónala mið-

lægja oft nokkuð kyrrstæð. Fyrsti kaflinn er sérlega hljómfallegur og tónvefurinn gagnsær en í öðrum þætti eru töluverð átök, er ramma inn hægna millipátt. Órólegt og „kaótískt ostinato“ einkennir þriðja þáttinn og fjórði þátturinn er sérlega fallegur hægur þáttur, sem svarað er með ástríðufulnum fimmta kafla, er svo tengist hæglátum lokakafla. Í heild er verkið al-tónalt, þ. e. í mótun tónstefja og hljóman og á köflum mjög fallegt og tónmálið hreint, jafnvel þar sem tónvefurinn er kontra- punktískur.

Verkið var mjög vel flutt og sama má segja um kvartett nr. 2 eftir Þórð Magnússon, sem undirritaður er að heyrta í þriðja sinn og kann honum betur og betur, enda vel samið verk og átti afburða góður flutningur Epos-kvartettsins ekki minnstan hlut að hversu vel verkið artar sig við endurtekin kynni.

Epos-kvartettinn skipa Auður Hafsteinsdóttir, Gréta Guðnadóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir og Guðmundur Kristmundsson og hefur þessi samleikshópur tekið sér stöðu sem afburða góður strengjakvartett, þar sem samspil, tónjafnvægi og túlkun er að fá á sig mynd, sem er aðal góðs strengjakvartetts og fyrir bragðið voru þetta allt of stuttir en góðir tónleikar.

Jón Ásgeirsson